



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 20. nóvember 2025

USK25110292

TILLAGA

Vegamótastígur – aðgengisbreytingar í göngugötu

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna Vegamótastígs, í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Greinargerð:

Aðgengisbreytingar á Vegamótastíg á gatnamótum Vegamótastígs og Grettisgötu er áframhald á skýrari afmörkun göngugatna.

Samskonar aðgengisbreytingar hafa verið gerðar á gatnamótum Laugavegar og Frakkastígs og Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis.

Þesskonar aðgengisbreytingar, þegar götukantur er dregin yfir göngugötu hafa skilað mjög góðum árangri og hafa aðgerðirnar dregið verulega úr óæskilegum akstri á göngugötum og því skapað aukið öryggi virkra vegfarenda.

Þess mó þá geta að fullnaðarhönnun og framkvæmd göngugötu með göngugötu yfirborði mun alltaf skila betri árangri og er því um tímabundna framkvæmd að ræða þar til farið verður í varanlegar framkvæmdir göngugatna í miðborginni.

Virðingarfyllt,
Rebekka Guðmundsdóttir
Deild borgarhönnunar

Hjálagt:

Teikningar af útfærslu Vegamótastígs og mynd af útliti sambærilegra framkvæmda við Skólavörðustíg



Reykjavík



